

RISA STÓRAR smá SÖGUR





Efnisyfirlit

Stokkið af stað	
Bergrún Íris Sævarsdóttir - Formáli	4
Bolti andanna	
Ingimundur Örn Hammer Haraldsson, 12 ára	6
★ Eir (brot úr skáldsögu)	
Eybjört Ísól Torfadóttir, 12 ára	8
★ Endurfundur	
Daníel Björn Baldursson, 12 ára	14
★ Fallega blómið	
Ólafur Hrafn Hlíðar Eyrúnarson, 7 ára	19
Fyrsta blómið á Mars	
Hekla Líf Guðlaugsdóttir, 12 ára	20
Gyllta fiðrildið	
Kristján Nói Kristjánsson, 12 ára	27
★ Hringurinn	
Róbert Gylfi Stefánsson, 8 ára	30
★ Leyndarmál Guðna forseta	
Orri Eliassen, 12 ára	32
Lína	
Elísabet Friðrika Eiríksdóttir, 10 ára	36



Nóttin með lifandi brúðunni

Andri Guðfinnsson, 9 ára 41

Ofuramma

Freydís Stefánsdóttir, 9 ára 43

Ofurkrafturinn

Eva Dís Jokumsen Heiðarsdóttir, 9 ára 45

Saga Atla

Ómar Azfar Valgerðarson Chattha, 9 ára 47

Samviskan

Kristján Nói Kristjánsson, 12 ára 49

Skíðakettlingar

Freyja Björk Bjarnadóttir, 6 ára 50

Stína í klípu

Agla Eik Frostadóttir, 9 ára 52

★ **Sumarsveinninn**

Vignir Snær Brynjarsson, 8 ára 55

Tálbeitutrúður

Freydís Stefánsdóttir, 9 ára 58

Þegar ég opnaði ísskápinn

Anna Líf Diego Arnórsdóttir, 10 ára 60

Æfingabúðir

Lilja Rut Halldórsdóttir, 11 ára 62



Stokkið af stað

Mér finnst krakkar oft miklu betri listamenn en fullorðið fólk. Eftir því sem fólk eldist, því hræddara verður það að prófa nýja hluti. Sumt fullorðið fólk kann ekki að skemmta sér við að skrifa sögu eða njóta þess að mála mynd. Það er nefnilega allt of upptekið við að hugsa um hvað öðru fólki gæti fundist um listaverkið. Fullorðið fólk hoppar líka sjaldan á trampólíni, af sömu ástæðu. Það horfir bara á krakkana hoppa og óskar þess að það myndi þora að vera með. Skrítið, ekki satt?

Manstu þegar þú hoppaðir síðast á trampólíni? Þú stökkst af stað, óviss um hvar eða hvernig þú myndir lenda. Það eina sem þú gast treyst á var að dýnan myndi kasta þér aftur upp í loft. Þú leist pínulítið kjánalega út með hárið út í loftið en þetta var svo gaman að þú hugsaðir ekkert út í það. Svo langaði þig að fara heljarstökk. Kannski tókst það, kannski ekki. En þú reyndir! Næst stökkstu eins hátt og þú gast og lentir á rassinum með tilheyrandi hláturskasti. Þú hoppaðir heillengi ... bara til þess að hafa gaman.



Að skrifa sögu er svolítið líkt því að hoppa á trampólíni. Þú leggur af stað, orð fyrir orð, og þarft ekkert að vita hvert þú ætlar. Það eina sem þú getur treyst á er að punktur kastar þér yfir í næstu setningu. Þú lítur svolítið kjánalega út þegar þú klórar þér í höfðinu og hárið stendur út í loftið en þetta er svo gaman að þú hugsar ekkert út í það. Svo langar þig að skrifa nýjan kafla og kynna til sögunnar nýja sögupersónu. Kannski tekst það, kannski ekki. En þú reynir! Næst læturðu söguhetjuna gera eitthvað ótrúlega magnað en hún lendir á rassinum með tilheyrandi hláturskasti. Þú skrifar heillengi ... bara til þess að hafa gaman.

Krakkarnir sem eiga sögur í þessari frábæru bók eru góð í því að skemmta sér. Þau þora að stökkva af stað, frá orði til orðs, kafla til kafla. Ég vona að þau vaxi aldrei upp úr því og haldi áfram að skrifa sögur alla æfi. Það er miklu skemmtilegra en að horfa bara á.

Berglín Íris Savarsdóttir



Bolti andanna

Í landi andanna var galdraandi sem gat galdrað fullt af skrýtnum hlutum eins og selhesta, hestakýr og apaljón. Einn daginn galdraði hann fótbolta og líka Cristiano Messi. Hinir andarnir horfðu á hann í forundran. Hann var með fætur, skó, föt og kunni að spila fótbolta. Hann fór að tala við andana og spurði hvort þeir kynnu að spila fótbolta.

„Nei, við höfum ekki fætur eins og þú,“ sagði einn andinn.

„Ég skal kenna ykkur,“ sagði Cristiano Messi þá.

„Takk kærlega!“ hrópuðu andarnir hátt.

„Ekkert mál,“ svaraði Cristiano Messi og brosti.

Galdraandinn galdraði þá risastóran og grænan fótboltavöll, fullan poka af boltum, fótboltabúnað á alla og járnfætur líka.

„Allt í lagi, allt er tilbúið,“ sagði galdraandinn, „eða er það ekki?“ Því hann hafði aldrei séð fótboltavöll áður.

„Jú, mér sýnist það,“ svaraði Cristiano Messi, „Allt í lagi, allir inn á völlinn.“

Andarnir sáu með hryllingi að þeir gætu ekki labbað með járnfótunum svo galdraandinn baðst afsökunar og skipti þeim út fyrir mannfætur (það var mjög skrýtið, trúið mér).



Andarnir spiluðu í marga daga og á þeim tíunda skoraði galdraandinn sjálfsmark.

„Hvað ertu að gera?!“ hrópuðu hinir andarnir en galdraandinn varð svo reiður að hann galdraði apaljón til að elta hina andana.

Á fjórtánda degi skoraði galdraandinn mark (ekki sjálfsmark!) og fótbolti varð vinsælasti leikurinn í landi andanna.

„Takk kærlega fyrir okkur,“ sagði galdraandinn við Cristiano Messi. „Vonandi sjáumst við aftur.“

„Ekkert mál,“ svaraði hann. „Sjáumst!“
Og galdraandinn töfraði hann aftur heim til sín.



Eir (brot úr skáldsögu)

Kafli 1. Eir

Þau eru dáiin, mamma og pabbi dáiin. Ég sá þegar fylgismenn Herrans brenndu þau inni. Ég gat ekkert gert til að bjarga þeim, ég er bara lítil vesæl stelpa. Brátt myndu þeir koma og sækja mig og fara með mig á „Munaðarleysingjahælið“ eins og þeir kalla það. Í raun eru þetta einskonar búðir. Þeir bestu lifa, þeir aumu eru drepnir. Ég heyrði mömmu og pabba einu sinni tala um „Munaðarleysingjahælið.“ Þau voru uppreisnarfólk.

„Þau vita of mikið,“ hafði ég heyrt einn fylgismannanna segja áður en þeir kveiktu í litla timburhúsinu okkar. Ég finn hvernig reykurinn smýgur inn í vit mér. Hann er grár og ljótur eins og Herrann. Ég heyrði þrusk fyrir aftan mig, einn fylgismannanna stendur og glottir.

„Komdu með mér,“ segir hann og þrífur í mig. Hörkulegur á svip teymir hann mig áfram milli húsanna þangað til við beygjum inn í þröngt húsasund. Þar bíður einn af bílum Herrans. Bíllinn er kolsvartur fyrir utan slagorðið: „Treystið mér,“ sem er ritað með blóðrauðu lettri á hlið hans.

Fylgismennirnir fleygja mér ofan í skottið og skella lokinu fast á eftir. Myrkrið umlykur mig. Ég halla mér upp



að skilrúminu milli mín og fylgismannanna svo ég heyri hvað fer fram á milli þeirra.

„Þá erum við búnir að losa okkur við þessa uppreisnarseggi.“

„Þetta var auðvelt, þau sýndu engan mótþróa.“

„Það væri nú þægileg ef allir væru svona.“

Ég get ekki hlustað meira. Höfðu mamma og pabbi ekki barist neitt? Ekki gert neitt til að reyna að halda lífinu? Ég reyni að hugsa um eitthvað skemmtilegt en það er sama hvað ég reyni, síðustu stundir okkar mömmu koma alltaf upp í hugann. Við vorum að rífast og ég varð svo brjáluð að ég hljóp út. Síðan sá ég fylgismennina koma að húsinu, læsa öllum útgönguleiðum og ...

Tárin byrja að streyma niður kinnarnar og ég finn að það er eins og það losni um eitthvað. Eins og fílahjörð hafi legið á mér en hún hefur loksins fært sig úr stað og er á brott. Allt í einu stöðvast bíllinn. Það líður ekki að löngu þar til skottið opnast og ég er rifin út.

Dagarnir á „Munaðarleysingjahælinu“ hafa verið hræðilegir. Ég sef í lítilli þröngri koju með þunnri ábreiðu og í þokkabót er ótrúlega þungt loft inni í svefnsalnum.



Við fáum slepjulegan graut á morgnana og brauðbita á kvöldin. Á daginn æfum við okkur að marsera, skjóta úr byssum og skylmast. Af og til eru krakkar pikkaðir úr hópnum sem koma ekki aftur. Ég er dauðhrædd um að einhver bendi mér að koma. Mig grunar að líf mitt gæti verið að veði.

Ég er rekin upp úr rúminu og klædd í hvítan kyrtil. Hinir krakkarnir eru líka klæddir í kyrtla og svo er farið með okkur inn í stóran sal. Þar er okkur stillt upp í beina röð fyrir framan langan rauðan dregil. Allt í einu opnast stóru þungu aðaldyrnar og allir þagna. Inn stígur maður. Hann er í síðum svörtum kufli og heldur í stóran boginn staf. Fingurnir eru mjóir og langir, skreyttir margskonar hringum. Augun eru eins og tvær rifur á andlitinu og munnurinn herptur saman, samt sem áður virðist hann rólegur og yfirvegaður, þetta er Herrann.

Herrann sem allir eru hræddir við og enginn þorir að nefna á nafn, Óhramur. Við hneigjum okkur hvert á fætur öðru. Ég hneigi mig djúpt og ... bíddu ... ein hurðin sem vísar út úr salnum stendur í hálfu gátt og það er enginn vörður að gæta hennar! Þetta er gullið tækifæri til að flýja og þetta tækifæri mun ég bara fá einu sinni. Ég fer niður á fjórar fætur og skrið eins hratt og ég get fyrir aftan krakkana sem eru enn að hneigja sig.

Ég nálgast hurðina óðfluga en allt í einu er gripið í mig. Ég



berst um og mér til furðu er mér strax sleppt. Ég sný mér við og til mikils léttis sé ég að þetta er ekki vörður heldur stelpa, dálítið eldri en ég. Hún starir á mig og segir:

„Þeir munu ná þér.“

Svo snýr hún sér við og heldur áfram að hneigja sig. Ég hugsa mig um, eru þeir hvort sem er ekki búnir að því? Þeir halda mér hér og bíða eftir að fá „leyfi“ til að drepa mig. Svo annaðhvort næ ég að komast undan eða þeir lóga mér eins og öllum hinum krökkunum. Kannski getur lítil stelpa eins og ég komist héðan eða ekki. En ég get ekki vitað það án þess að reyna.

Svo ég held áfram að skríða fyrir aftan krakkana og kem loks að hurðinni. Ég smeygi mér út um dyrnar og mér til mikillar lukku vísar hún beint út á lóðina umhverfis „Munaðarleysingjahælið.“

Allt í einu heyri ég öskrað:

„Barn að strjúka!“

Skelfingu lostin sný ég mér við og sé að einn varðanna hefur komið auga á mig og kemur á harðaspretti á eftir mér. Ég skýst af stað í gegnum garðinn. Það liggja glerbrot á við og dreif á jörðinni og þau skerast í iljarnar. En mér er alveg sama, ég bara hleyp og hleyp. Ég hleyp yfir gráa víggirta lóðina og óttast að þetta séu síðustu augnablik ævi minnar. Ég lít aftur fyrir mig, í von um að hafa stungið vörðinn af, en svo reynist ekki vera. Hann er nokkrum



metrum fyrir aftan mig og hann einblínnir bara á eitt. Að fá nýtt veggteppi fyrir Óhram ... mig. Ég finn hvernig er gripið í öxlina á mér og mér er kippt til hliðar.

Kafli 2. Aþena

Ég er að farast úr stressi. Eir er ekki komin aftur heim og bráðum munu fylgismennirnir koma.

Við hefðum fyrir löngu verið farin niður um hlerann á stofugólfinu ef ég og Eir hefðum ekki byrjað að rífast. Ég man ekkert um hvað við rifumst en Eir varð alveg öskuill og þaut út og er ekki komin aftur. Ef hún kemur ekki bráðum til baka þurfum við að fara án hennar. Fylgismennirnir munu örugglega ná henni og fara með hana á „Munaðarleysingjahælið“ eins og þeir kalla það. Í raun eru þetta einskonar búðir, þeir bestu lifa, þeir aumu eru drepnir.

„Aþena!“

Ég hrekk upp úr hugleiðingum mínum. Sindri maðurinn minn stendur í dyragættinni og horfir á mig áhyggjufullum augum.

„Við þurfum að fara án hennar er það ekki?“ segi ég og finn hvernig tárin vilja þrýsta sér út.

Hann kinkar kolli og ég veit að honum líður alveg eins og mér. Sorgmæddur, reiður og leiður. Við förum inn í stofu og lyftum hleranum upp á gátt. Ég fer á undan



gegnum opið og Sindri kemur á eftir mér. Bæði eigum við langa ferð fyrir höndum um göngin sem blasa við okkur í myrkrinu.

Kafli 3. Eir

Lyktin af þabba fyllir vit mín rétt áður en ég missi meðvitund.



Endurfundir

Hótelið var stærra en nokkurt hótél sem Fannar hafði séð. En það var skítugt. Fyrir framan það var múrveggur sem Fannar komst ekki fram hjá. Hvernig kæmist hann eiginlega inn? Hann var einn og ætlaði að vera þarna í fimm nætur. Það var að nálgast miðnætti og hann varð að komast inn á hótelið.

Fannar steig út úr gamla, rauða bílnum sem hann hafði erft eftir föður sinn og skellti hurðinni á eftir sér. Hann gekk að hliðinu á múrveggnum og reyndi að opna það en það haggðist ekki. Hann reyndi að ýta fastar en ekkert gerðist. Að lokum sparkaði hann í hliðið og þá heyrði hann gelt frá hótelinu.

„Hvaða óhljóð eru þetta?“ heyrði Fannar einhvern segja. „Þegiðu, hundur!“

Fannar sá andlit birtast hinum megin við hliðið.

„Áttu bókað herbergi?“ spurði maðurinn. Fannari fannst hann kunnuglegur. Hann var horaður með lítil augu en sjálfur mjög stór. Hann hafði skalla sem var allur útsettur í örum.

„Ég ætlaði að fá herbergi, takk,“ sagði Fannar og reyndi að vera kurteis.



„Allt í lagi,“ sagði maðurinn, dró lykil upp úr rassvasanum og opnaði hliðið. „Fylgdu mér.“

Fannar sótti töskuna sína og elti manninn. Þegar hann opnaði útidyrnar á hótelinu stóð þar lítill hundur sem nuddaði sér upp við Fannar.

„Svona, hættu þessu,“ hvæsti maðurinn. Fannari fannst hann líka kannast við hundinn.

„Jæja, komdu,“ sagði maðurinn svo og tók töskuna af Fannari. Hann fylgdi manninum að afgangsluborðinu fyrir framan þá. Maðurinn setti töskuna upp á borðið og spurði svo hversu margar nætur Fannar ætlaði að vera.

„Ö ... fimm,“ svaraði Fannar.

„Nafn?“

„Fannar Daði Sveinsson.“

Maðurinn starði á hann. „Sveinsson?“

„Já ...“

„Það er búið að ganga frá þessu og greiðslunni.“

„Ha, af hverju?“ spurði Fannar hissa.

„Það stendur hérna í bókinni,“ sagði maðurinn og benti hvar þar stóð: FANNAR DAÐI SVEINSSON, LEYNIGESTUR.

„En það getur bara ekki verið,“ sagði Fannar og horfði á sköllotta manninn.



„Viltu frekar borga?“ spurði maðurinn þá.
Fannar hugsaði sig um. Þetta var sérkennilegt en hver myndi ekki þiggja frítt hótélherbergi.

„Heyrðu, jú. Ég þigg það.“

„Fínt!“ sagði maðurinn og teygði sig í lykil sem hékk á veggnum fyrir aftan hann.

„Takk fyrir,“ sagði Fannar, tók lykilinn og töskuna sína og hélt að herberginu. Það var merkt með stórum stöfum: HERBERGI 53.

Fannar setti lykilinn í skrána og sneri honum en hann gat ekki opnað dyrnar. Hann hristi lykilinn en ekkert gerðist. Hann komst ekki inn. Á meðan hann barðist við dyrnar gekk gamall maður fram hjá honum.

„Fyrirgefðu,“ sagði Fannar við manninn, „ég get ekki opnað dyrnar.“

Gamli maðurinn sneri sér að Fannari. Honum fannst hann líka þekkja hann. Maðurinn tók lyklakippu með alls kyns lyklum, stórum og smáum, upp úr vasanum.

„Kemstu ekki inn, já?“ sagði gamli maðurinn og byrjaði að prófa lyklana. „Nei, þessi virkar ekki,“ muldraði hann. Á endanum opnuðust dyrnar og hann sagði „Svona! Þetta var rétti lykillinn.“



Fannar þakkaði fyrir sig, tók töskuna sína og horfði á eftir gamla manninum labba burt áður en hann fór inn í herbergið og lokaði á eftir sér.

Fannar var að velta fyrir sér af hverju honum fyndist hann kannast við svona margna á hótelinu þegar var bankað á dyrnar. Hann hugsaði með sér hver þetta gæti verið og svo var bankað aftur. Fastar. Fannar var smeykur en ákvað að opna samt dyrnar. Honum brá við því sem hann sá.

„Þú lagðir bílnum þínum vitlaust, herra,“ sagði maðurinn sem stóð fyrir utan dyrnar. Þetta gat ekki verið, hugsaði Fannar með sér. Þetta var faðir hans sem stóð þarna.

„Nei, þetta getur ekki verið þú ... þú ert dáinn!“ hrópaði Fannar.

„Þú lagðir bílnum þínum vitlaust, Fannar Daði Sveinsson!“ sagði faðir hans og hafði hækkað róminn.

„Nei, þetta getur ekki verið þú ... þú ert dáinn!“ hrópaði Fannar til baka.

„Fannar Daði Sveinsson, þú lagðir bílnum VITLAUST!“ svaraði maðurinn enn hærra.

„Nei!“ öskraði Fannar og hljóp fram hjá föður sínum. Hann hljóp sem hraðast fram ganginn. Á leiðinni sá hann gamla manninn, sem hafði hjálpað honum inn í



herbergið. Hann var að skúra gólfið og nú þekkti Fannar hann. Þetta var afi hans sem hafði látist úr hjartaáfalli. Fannar vildi nú bara komast út úr hótelinu. Hann mætti manninum, sem hafði hleypt honum inn. Nú mundi hann að þetta var frændi hans sem hafði dáðið úr heilablóðfalli. Þegar Fannar komst loks út um dyrnar helltist hrollur yfir hann. Það var orðið kalt úti.

Hliðið var opið svo hann hljóp í rauða bílinn sinn og ræsti hann. Það síðasta sem hann heyrði áður en hann keyrði í burtu var galtið í hundinum. Fannar áttaði sig á því að þetta var gamli hundurinn hans sem dó úr krabbameini fimm ára gamall.

Hann keyrði eins hratt og hann gat frá þessu hræðilega hóteli en fór líka að hugsa um hótellherbergið. Það var númer 53 og faðir hans hafði einmitt dáðið 53 ára. Faðirinn, afinn, frændinn og hundurinn gengu saman út úr hótelinu.

„Flott hjá þér sonur sæll,“ sagði Sveinn. „Þú misstir af ættarmótinu og sérð okkur aldrei aftur.“

Þeir gengu inn og lögðust aftur til hinstu hvílu.



Fallega blómið

Einu sinni var gult blóm. Blómið var mjög einmana því það átti enga vini.

Einn daginn, þegar það var alveg að koma vetur, sá það annað blóm sem það hafði aldrei séð áður. En gula blómið gat ekki hreyft sig og komst því ekki til hins blómsins.

En svo breyttist gula blómið í blásublóm og vindurinn feykti fræjunum út um allt en ekki í áttina að hinu blóminu. Vindurinn blés fræjunum upp og niður og alla leið í annað land. Blómið var alveg einsamalt.

En svo lenti fræið og varð að blómi í nýja landinu. Það leit í kring um sig og sá níu þúsund blóm í kring um sig. Þetta var blómalandið.

Blómið spurði öll hin blómin hvort þau vildu vera vinir sínir og þau sögðu öll já. Nú var blómið ekki lengur einmana.

Eftir þetta héldu blómin áfram að breytast í blásublóm, fræin ferðuðust um allt og alltaf komu fleiri blóm.



Fyrsta blómið á Mars

„Halló!“ heyrðist djúp rödd segja fyrir aftan Úlf. Honum brá svo að hann öskraði. Hann leit við og starði á afa.

„Þú hræddir mig, afi.“

„Hahaha, þú ættir að heita Héri frekar en Úlfur,“ svaraði afi.

„Ég er enginn hræðslupúki!“ sagði Úlfur þá styggur.

„Sannaðu það.“

„Allt í lagi. Hvað á ég að gera?“

„Farðu út í skemmu og vertu þar í fimmtíu sekúndur.“

„Ekkert mál,“ svaraði Úlfur, klæddi sig í skóna og fór út í skemmu.

Hann hafði aldrei farið inn í skemmuna hans afa og þar var eitthvað undir teppi. Hann kveikti ljósið og kippti teppinu af. Þetta leit út eins og hluti af geimflaug.

„Fimmtíu sekúndur eru liðnar,“ kallaði afi og Úlfur dreif sig út. Hann spurði afa hvað þetta væri í skúrnum og hann svaraði að eitt sinn hefði hann unnið við að byggja flugvélar og geimskip. En honum fannst hann ekki fá borgað nóg svo hann hætti og flutti í sveitina. Hann hafði samt verið að dunda sér við að búa til þetta litla geimskip



sér til gamans. Nú fékk Úlfur að hjálpa afa með smíðina.

„Afi, ég ætla að vera eins og þú þegar ég verð stór.“

„Haha, þá verðurðu að vera duglegur að læra stærðfræði.“

Úlfur tók afa á orðinu og lærði alveg þar til hann fór að sofa.

Daginn eftir fór Úlfur í skólann á meðan afi var að vinna að geimskipinu. Þegar hann kom heim ætlaði hann að rjúka beint til afa en hans biðu slæmar fréttir. Amma var uppi á spítala og hún var að dauða komin. Fjölskyldan fór að heimsækja hana og þegar þau mættu sneri amma sér strax að Úlfi.

„Afi sagði að þið væruð kannski að fara upp í geim. Er það satt?“

„Já, amma mín.“

Amma rétti höndina til hans og hann tók varlega í hana.

„Þegar þið afi farið út í geim ertu þá til í að planta þessu fræi á Mars?“

„Ég skal gera það amma. Ég lofa.“

Hann kvaddi ömmu og þegar hann var kominn heim setti hann fræið ofan í skúffu þar sem það myndi ekki týnast. Tveim dögum síðar dó amma.



Úlfur hafði misst alla matarlyst. Hann var miður sín að geta ekki sagt ömmu sinni frá geimferðinni og hvernig færi með fræið. Viku seinna, þegar hann var loksins að jafna sig, kom afi hlaupandi til hans. Geimskipið var tilbúið og þeir þyrftu bara að gera gallana klára. Afi var byrjaður að búa til hjálmana og Úlfur hjálpaði til með því að klippa niður leður eftir sniðum sem afi átti úr gömlu vinnunni.

Úlfur var orðinn mjög spenntur fyrir geimferðinni með afa og hann ætlaði alls ekki að gleyma fræinu hennar ömmu. Það tók afa tvo daga að klára búningana en svo þurfti bara að gera gat á loftið í skemmunni svo þær kæmust út í geim.

Það var liðin vika og Úlfur hafði ekki séð eða heyrt í afa lengi. Hann var byrjaður að hafa áhyggjur svo hann fór að leita að honum. Hann fann afa á þaki skemmunar að saga risastórt gat.

„Jæja, það er kominn tími til að leggja af stað!“ sagði afi og þeir skelltu sér í gallana. Á síðustu stundu fattaði Úlfur að hann var ekki með fræið hennar ömmu svo hann hljóp heim, greip fræið og fór svo um borð í geimskipið með afa. Þeir lentu geimskipinu á Mars og plöntuðu fræinu og af því spratt falleg rauð rós. Seinna uppgötvuðu vísindamenn blómið en skildu ekkert í því hvernig það komst þangað upp.



Get ég galdrað?

INNKAUPALISTI

- brauð
- bananar
- salt
- kjöt
- gúrka
- egg
- opal
- pítusósa

Ilmur og mamma hennar voru úti í búð að versla. Þær voru búnar að taka allt sem þær vantaði nema kjötið svo mamma fór inn í kæli. Á meðan labbaði Ilmur fram hjá kexpökkunum. Hana langaði svo ótrúlega mikið í kex og áður en hún vissi af lyftist einn kexpakkinn af sjálfu sér og lenti ofan í innkaupakerrunni. Ilmur varð steinhissa og þegar mamma kom til baka með kjötið spurði hún hvað kexið væri að gera þarna. Ilmur sagðist ekki vita það, enda var hún enn hissa á því sem gerðist. Mamma keypti kexið og í bílnum á leiðinni heim hámaði Ilmur allan kexpakkann í sig.



Þegar þær komu heim skildi Ilmur enn ekki hvað hafði gerst í búðinni en hún var pakksödd eftir kexið og hafði varla lyst á kvöldmatnum.

„Er allt í lagi?“ spurði mamma.

„Jááá,“ svaraði Ilmur hikandi og áhyggjufull.

„Við skulum fara að sofa.“

Mamma las fyrir Ilmi og sagði henni svo að slökkva ljósin. Þegar Ilmur ætlaði að standa upp þá slökknaði á ljósunum af sjálfu sér. Ilmi fannst þetta allt skrýtið en sofnaði að lokum.

Næsta dag vaknaði Ilmur ringluð eftir atburði gærdagsins. Hún leit á símann og klukkann var átta um morgun. Hún heyrði mömmu kalla og segja henni að gera sig til. Ilmur gerði sig klára og gekk í skólann. Á leiðinni hittu hún vinkonur sínar, Karítas og Freyju, og öskraði hún á þær að hún þyrfti að tala við þær. Hún sagði þeim alla sólaröguna á leiðinni í skólann.

Eftir skóla fóru stelpurnar í fimleika. Þær áttu að gera araba-flikk í fyrsta sinn. Hver stelpa á fætur annarri gerði það en Magga var langbest. Loks kom að Ilmi og hún hugsaði með sér að hún ætlaði að gera betur en Magga því hún var búin að æfa sig svo mikið. Ilmur hljóp af stað og gerði araba-flikk-flikk, þrefalda skrúfu og lenti svo eins og nagli sem hafði verið laminn í spýtu. Þjálfarinn var svo



hissa að það leið yfir hana. Stelpurnar hlupu til Ilmar, lyftu henni upp með fögnuði og hentu henni svo í gryfjuna. Þær hoppuðu svo á eftir henni ofan í og Ilmur skildi ekkert hvað hafði gerst. Freyju og Karítas þótti þetta mjög skrýtið.

Þær þögðu alla leiðina heim til Ilmar en þegar þær voru komnar inn í herbergið fóru þær að ræða það sem hafði gerst.

„Vá, hvað þetta var flott hjá þér,“ sögðu Karítas og Freyja einum rómi.

„Takk,“ svaraði Ilmur, „en samt grunsamlegt.“

Næsta dag þegar Ilmur settist við borðið sitt í skólanum rétti kennarinn henni stærðfræðiþróf og hún fattaði að hún hafði ekki lært fyrir það.

„Þetta er ekkert svo mikið,“ hugsaði Ilmur með sér, „bara þrjár, fjórar blaðsíður.“

Hún starði á dæmin en svo lyftist blýanturinn upp og byrjaði að reikna þau sjálfur. Ilmur var sú eina sem fékk A+ á prófinu.

Eftir skóla fóru vinkonurnar heim til Ilmar og hún sagði þeim frá öllum skrýtnu tilfellunum. Kexpakkanum sem lenti í kerrunni, ljósunum sem slökknuðu af sjálfu sér, ótrúlega stökkinu í fimleikunum og svo blýantinum í prófinu. Þær vissu ekki hvað þær ættu að gera en svo sagði Freyja ákveðin:



„Prófaðu hvort þú getir látið okkur svífa!“

Ilmur sagði þeim að setjast á rúmið og lokaði augunum. Allt í einu byrjuðu stelpurnar að svífa upp frá rúminu. Freyja og Karítas störfu orðlausar á Ilmi sem horfði undrandi til baka á þær og hvíslaði:

„Get ég galdrað?“



Gyllta fiðrildið

Í litlu húsi sat gyllt fiðrildi í skartgripaskríni. Á hvorum væng voru tveir demantar. Nótt eina brotnuðu vængirnir af fiðrildinu í fjórum brotum, hvert með sínum demanti. Brotin hófu sig á loft og flugu út um gluggann. Brotin flugu um himininn eins og fuglar og héldu hvert í sína áttina.

Fyrsta brotið lenti með skelli á akri. Páll, gamli bóndinn á bænum, fór út að athuga hvað hefði gerst og tók upp brotið. Annað brotið lenti í kirkjugarði. Presturinn hafði verið á gangi þegar hann sá brotið lenda svo hann tók það upp og fór með það inn í kirkjuna. Þriðja brotið braust með látum inn um gluggann á íbúð Sigurðar og það fjórða lenti í bakgarðinum hjá Önnu þar sem hún fann það. Líf þeirra allra átti eftir að taka breytingum.

Allt gekk sómasamlega hjá Páli bónda. Sjónvarpið, sem hafði verið bilað í tvo mánuði, virkaði allt í einu. Og beikonið, sem hann brenndi alltaf, varð nú stökkt og gott. Það sama mátti ekki segja um kirkjuna. Í erfidrykkju rakst einhver í vatnskönnu og vatnið helltist yfir allar veitingarnar. Það var ekkert í samanburði við það sem gekk á hjá Önnu. Hún var að reyna að spila á rafmagnsgítarinn sinn þegar hún heyrði rödd.



„Langar þig að verða betri tónlistarmaður?“ spurði röddin.

„Ha...?“ Anna vissi ekki hvað hún ætti að segja.

„Langar þig til þess?“

„Uu, já.“

„Ósk þín hefur verið veitt. Prófaðu bara að spila. Ég get uppfyllt allar óskir þínar, þú þarft bara að spyrja.“

Anna sló á strengina og allt í einu kunni hún að spila lög sem hún hafði aldrei heyrt áður.

Á meðan var Sigurður að laga til í íbúðinni sinni. Hann var bæði þreyttur og niðurdreginn.

„Ég vildi að ég hefði einhvern til þess að hvetja mig áfram,“ sagði hann með sjálfum sér og í þeim orðum birtust tugir manna inni hjá honum og fóru að syngja og hvetja hann til dáða. Honum brá svo að hann datt aftur fyrir sig.

„Farið burt!“ hrópaði hann og þau hurfu öll.

Nú voru Anna og mamma hennar að rífast. Síðan Anna fór að geta spilað svona vel spilaði hún öllum stundum en mömmu fannst tónlistin of hávær. Anna hljóp inn í herbergi og skellti á eftir sér.

„Ég vildi að mamma líktist mér meira.“



„Ósk þín hefur verið veitt,“ heyrðist þá röddin segja. Daginn eftir var mamma ekki vögnuð þegar Anna fór á fætur. Henni fannst það mjög skrýtið því mamma var aldrei vögnuð seinna en klukkan sjö. Þá rann upp fyrir henni að hún vildi sjálf alltaf sofa út. Hvað hafði hún gert?

Tveim dögum seinna opnaðist stór sprunga á himni og út úr henni gekk svartklæddur maður með krók í stað hægri handar. Hann var með barðastóran hatt og það sást varla í andlit hans. Hann smellti fingrum og gufaði upp.

Maðurinn birtist fyrst fyrir utan bæinn hans Páls. Hann bankaði á hurðina og þegar Páll kom til dyra fór hann með þulu. Páll sofnaði um leið, maðurinn fór inn og náði í vængbrotið. Svo smellti hann fingrum.

Hann birtist í kirkjunni, greip brotið og hvarf samstundis. Sigurður var að horfa á sjónvarpið svo maðurinn gat gripið brotið hans án þess að Sigurður tæki eftir því. Að lokum birtist hann inni í herbergi hjá Önnu. Hún var ekki inni svo hann tók upp síðasta brotið. Svo hvarf hann endanlega.



Hringurinn

Hinrik var enn aumur í gómnum eftir tanntökuna. Núna sat hann aftan á mótörhjólinu hans pabba, á leið í vinnuna hans, og hver hraðahindrun var eins og högg á taugarnar. Kannski voru það verkirnir í gómnum en hann var hissa á því að hann myndi ekki fyrir fiðringi að fara í fyrsta skipti með pabba í vinnuna. Pabbi hafði sagt honum frá smíðaverkstæðinu áður svo hann vissi að það var á þremur hæðum auk háalofts og kjallara.

„Blessaður Andrés,“ sögðu samstarfsfélagar pabba og heilsuðu þeim báðum með handabandi. Hinrik fann svo til í höndinni eftir kveðjurnar að hann var næstum því búinn að gleyma verknum í gómnum. Honum leiddist og spurði pabba sinn hvort hann mætti skoða sig um á verkstæðinu. Pabbi játti en með því skilyrði að hann myndi ekki fíkta í neinu.

Hinrik byrjaði á því að kíkja niður í kjallara en varð var við eitthvað og heyrði þrusk. Hann hljóp upp til pabba, sem sagði honum að þetta hefði verið ímyndun. Það hefði enginn farið niður í kjallara í mörg ár. Hinrik var viss í sinni sök og ákvað að rannsaka sjálfur málið.

Pegar hann gekk aftur niður stigann heyrði hann



eitthvað sem hljómaði eins og ógreinileg rödd. Hann gekk á hljóðið og sá hring á gólfinu. Hinrik tók hringinn upp og bar hann upp að auganu til að skoða hann betur en þegar hann leit í gegnum hann sá hann uppvakning! Uppvakningurinn var með loðnar hendur, slímugur og bar þess merki að hafa ekki þrifið sig í heila öld. Hann virtist líka reiður svo Hinrik hljóp í burtu.

Hann var svo hræddur að hann hljóp óvart lengra inn í kjallarann, sem var mjög stór, í stað þess að fara aftur upp. Hinrik endaði við dyr sem lágu út í garð, hann opnaði þær og ákvað að kíkja til öryggis í gegnum hringinn áður en hann færi út. Það sem hann sá var ekkert eins og túnið fyrir utan smíðaverkstæðið þegar hann kom.

Garðurinn var fullur af skrýtnum skepnum og ein þeirra, hræðileg og loðin en samt þínu krúttleg eins og kanína, stökk óvænt á hann og sló hringinn úr höndum hans. Skepnan þreifaði á hringnum með loppunum sínum, þefaði af honum og náði loks að setja hann upp að auganu. Skelfingin helltist yfir veruna þegar hún leit á Hinrik í gegnum hringinn. Hún henti honum frá sér, rak upp hávært öskur og hljóp í burtu ásamt hinum skepnunum. Á endanum ruddi uppvakningurinn Hinriki um koll. Þar sem hann lá á gólfinu horfði hann á eftir uppvakningnum flýja í dauðans ofboði á eftir félögum sínum.



Leyndarmál Guðna forseta

Embla var í tölvunni sinni eins og venjulega. Hún var orðin þekkt á Íslandi fyrir að vera hakkari en Embla notaði hæfileika sína bara til góðs. Hún hafði gert margt gott með snilligáfu sinni. Til dæmis hafði Embla rakið merki tölvuprjóta sem reyndu að brjótast inn í Reiknistofu bankanna til að ræna mörgum milljónum. Hún hafði líka stöðvað konu sem reyndi að breyta prófílmmynd allra stjórnálamanna á Facebook í mynd af einræðisherra Norður-Kóreu sitjandi á klósettinu.

Emblu leiddist þannig að hún fór að skoða hvað væri að gerast í heiminum. Allir voru að tala um að Guðni forseti hataði ananas á pítsum og vildi banna þær. Emblu fannst það mjög fyndið og ákvað að kynna sér málið betur. Eftir svolitlar rannsóknir tók hún eftir nokkru skrítnu. Í einu viðtalinu sagði Guðni að hann gæti ekki sett lög sem banna fólki að setja ananas á pítsuna sína.

Embla fletti upp í stjórnarskrá Íslands á netinu og las 74. grein stjórnarskrárinnar, sem sagði að forsetinn mætti setja neyðarlög um það sem honum þykir mikilvægt og samkvæmt því sem hann hafði sagt í viðtölum fannst honum þetta mjög mikilvægt. Hún undraði sig á því að enginn hefði tekið eftir þessu.



Embla var orðin mjög spennt og ákvað, án þess að hugsa sig tvisvar um, að hakka sig inn í símann hans Guðna og sjá hvort hann hefði sagt eitthvað um þetta persónulega. Hún gáði fyrst hvort hann hefði skrifað eitthvað til vina sinna á samfélagsmiðlum en hann hafði ekki minnst á ananas. Síðan athugaði hún í hverja hann hefði hringt og sá að hann hafði reglulega pantað pítsur frá Dominos. Hún ákvað að hlera næsta símtal og sjá hvaða pítsur hann væri að panta.

Næsta föstudag sá hún að Guðni var enn og aftur að hringja í Dominos og hún hleraði símtalið.

„Uhh, já. Ég ætla að fá eina stóra Hawaii pítsu með aukaskammi af ananas. Takk kærlega fyrir.“

Embla hafði tekið símtalið upp og fannst þetta ótrúlega fyndið. En hún var líka spennt og setti upptökuna á netið án þess að hugsa sig um. Eftir fimm mínútur voru þúsund manns búnir að hlusta á Guðni forseti panta ananas á pítsu en einmitt þá áttaði hún sig á því hvað hún hafði gert rangt. Hún hafði brotist í síma forsetans, hlerað hann og það var of seint að taka það til baka því þúsundir vissu af því.

Þegar Embla mætti í skólann daginn eftir horfðu allir krakkarnir á hana.



„Af hverju gerðir gerðirðu þetta?“ spurðu þau öll og eina svarið sem hún gat gefið var „Ég veit það ekki.“ Hún spurði sjálfa sig sömu spurningar og svo fékk hún skilaboð frá forsetaritaranum um að hún þyrfti að mæta afleiðingum gjörða sinna. Þegar hún kom heim ætlaði hún að fletta upp hvaða refsing biði hennar en hún gat ekki tengst netinu. Hún prófaði símann en sama hvað hún reyndi þá var hún sambandslaus. Hún áttaði sig brátt að hún hafði verið gerð útlæg af netinu fyrir glæpi sína.

En Guðni forseti var líka í vondum málum. Nú þurfti hann að svara erfiðum spurningum blaðamanna og viðurkenna að hann hefði bara sagt þetta um ananas á pítsur til að virka skemmtilegri.

Í kvöldfréttum kom fram að fimmtán ára stúlka hefði hakkað sig inn í síma forsetans og að hún hefði verið dæmd í tveggja ára internet bann. Í öðrum fréttum kom fram að Guðni hefði sagt af sér vegna ananashneykslisins.

Embla leið mjög illa yfir þessi. Hún kunni einstaklega vel við Guðna en nú var hann farinn og hún mátti ekki nota internetið, sem var versta refsing sem hún gat ímyndað sér.

Fyrsti mánuðurinn var mjög erfiður. Embla vissi ekkert hvað hún átti að gera. Hún missti samband við alla



vini sína því þeir höfðu bara átt í samskiptum við hana á samfélagsmiðlum og öll áhugamál hennar tengdust tölvunni og netinu.

Eftir nokkra mánuði fór hún að venjast internetleysinu og byrjaði að sækja íþróttir sem hún hafði aldrei prófað og var viss um væru drepleiðinlegar og tilgangslausar. En hún hitti vini sína meira í raunheiminum og gerði margt skemmtilegt með þeim. Á endanum var lífið án tölvunnar miklu betra og hún saknaði netsins ekki neitt.



Lína

Stúlkan var níu ára og bjó með mömmu sinni og fimm ára bróður í litlum kofa úti við skóginn. Hún bar ekkert nafn en var lágvaxin, freknótt og með mikið hár. Hennar helsti eiginleiki var forvitnin og henni fannst ekkert skemmtilegra en að spyrja spurninga. Mamma hennar var alltaf spennit á taugum sem stafaði aðallega af því að bróðir hennar var rosalegur prakkari. Ef mamma vék sér frá eldavelinni þá tæmdi hann kryddstauka í matinn. Og þann tíma sem þau höfðu búið í borginni hafði honum ekki verið boðið í afmæli annars stráks svo hann kúkaði í kassa, pakkaði honum inn í afmælispappír og skyldi hann eftir fyrir utan dyr stráksins.

Eitt sinn var mamma svo mikið á nálum að hún sat bara stjórf við arininn og starði á eldinn. Stúlkan hafði nefnilega spurt hana af hverju þau byggju þarna í kofanum við skóginn og af hverju hún ætti sér ekki nafn. Móðirin svaraði engu, starði bara á eldinn og gekk svo burt.

Þannig leið dagurinn, stúlkan síspyrjandi en mamman þögul. Bróðir hennar var úti í boltaleik við íkorna og á endanum gafst stelpan upp á því að spyrja mömmu sína, fór út og labbaði inn í skóginn. Skógurinn var svo fallegur



að hún gekk lengra og lengra þar til hún kom að risastóru tré. „Vá!“ hugsaði hún með sér, þetta tré var svo flott og stórt, það hlaut að hafa verið þarna í hundruð ára.

Hún kom auga á íkorna í trénu og áttaði sig á því að þetta var íkorninn sem bróðir hennar hafði verið að leika við. Íkorninn heilsaði og hún svaraði:

„Hæ! Rústaðir þú leiknum við brósa?“

„Já, öddað,“ sagði hann með töff róm.

„Þetta er fallegt tré. Býrðu hérna?“

„Takk og já, þetta er heimilið mitt. En heyrðu, ég vildi spyrja hvað væri eiginlega málið með mömmu ykkar?“

„Okkar?“

„Já, ykkar,“ svaraði íkorninn.

„Ég veit það ekki, hún er bara alltaf svo stressuð. Mig langar eiginlega ekki að tala um það. Vá, hvað trjáhúsið þitt er flott! Og hvaða skrýtna fyrirbæri er þetta eiginlega?“

„Ó, þetta er bara ómerkileg trímíggtralámúríneta,“ sagði hann.

„En, hún er blá!“

„Þetta er samt bara hneti og ég hef svolítið mikilvægara að ræða við þig.“

„Ó?“ svaraði stúlkan og gat ekki ímyndað sér hvað íkorninn hefði við hana að segja.

„Sko, ég komst ekki hjá því að heyra þig spyrja



mömmu þína allra þessara spurninga og ég held að ég hafi svör fyrir þig. Ég þarf að byrja á byrjuninni. Þegar móðir þín gekk með þig þurfti pabbi þinn að fara í stríðið og hann kom aldrei aftur. Margir menn og konur komu aldrei aftur og nokkrum árum seinna fann hún strák við útidyrnar ykkar og hún ákvað að ala hann upp. Svo fann hún á sér að það væri eitthvað undarlegt og skrítið að fara að gerast, mögulega annað stríð, svo hún flutti með ykkur hingað lengst í burtu til að halda ykkur öruggum. Foreldrar þínir fengu aldrei tækifæri til að velja þér nafn og mamma þín hefur ekki fengið sig til að taka ákvörðunina ein og því berið þið systkinin engin nöfn.“

Stúlkan þakkaði fyrir sig, kvaddi og hljóp heim. Hún gat ekki sofnað um nóttina því nú hafði hún enn þá fleiri spurningar. Morguninn eftir þakkaði hún nauðsynjum í tösku og tók bróður sinn með sér. Þau gengu langa leið að lestarstöðinni og héldu til Lundúna áður en mamma tók eftir því að þau voru farin.

Þegar þau voru komin í borgina leiddi stúlkan bróður sinn að gamla húsinu þeirra, húsinu þar sem hann hafði verið skilinn eftir. Hún bjóst við því að önnur fjölskylda byggji þar núna en það leit út fyrir að mamma hefði aldrei selt það. Bróðirinn var ekki hrifinn af því en þau ákváðu að gista nóttina í yfirgefnu og drungalegu húsinu.



Morguninn eftir fóru þau í stríðsbankann til að afla upplýsinga. Maðurinn í stríðsbankanum fletti þeim upp og sagði að það kæmu nokkrir menn til greina en allir hefðu þeir komið aftur þó seint væri. Stúlkan var viss um að pabbi væri á lífi en þau vissu ekki hvað hann hét eða hver þessara manna hann var. En þau ákváðu að fylgja í fótspor bjarnarins Paddington og leita. Þau bönkuðu upp á mörgum dyrum og á endanum komu þau að litlu húsi. Þegar maðurinn kom til dyra spurði stúlkan hann hvort konan hans hefði verið með barn í maganum þegar hann fór í stríðið. En hún vissi svarið um leið og hún leit í augu hans. Hann sagðist hafa komið heim að tómu húsi og aldrei fundið konuna sína og ófætt barnið.

„Af hverju eruð þið að spyrja að þessu?“

„Við erum búin að ganga í svo mörg hús í borginni en ég veit það núna að þú ert pabbi okkar!“

„Það getur ekki verið, við áttum bara von á einu barni og ég veit ekki einu sinni hvað barnið heitir.“

„Mamma fann hann við útidyrnar og tók hann að sér. Hann er bróðir minn svo þú ert líka pabbi hans.“

„Hvað heitir mamma þín?“

„Mamma heitir Karen.“

„Ó, Karen! Fagra stúlka, ég sé það núna hversu lík henni þú ert.“



„Ekki gleyma mér,“ sagði litli bróðir.

„Fyrirgefðu!“ sögðu stúlkan og faðirinn einróma.

Þau fóru öll saman á lestarstöðina og héldu að skóginum. Mamma var eðlilega áhyggjufull um börnin sín en hún var svo glöð að sjá þau, og pabba, að hún gleymdi áhyggjunum strax. Þau ákváðu að flytja aftur saman í borgina, því nú var það öruggt. Í gamla húsinu gátu foreldrarnir loks ákveðið nöfn í sameiningu og frá þeim degi hétu krakkarnir Níels og Lísá.



Nóttin með lifandi brúðunni

Andri hafði pantað sér nýja postulínsbrúðu á netinu og hann gat ekki beðið eftir að fá hana. Þegar hún kom loksins varð hann að prófa hana strax. Brúðan var í gráum jakkafötum með alvöru vösum en það var miði í einum vasanum. Andri tók upp miðann og las upphátt: „karrómarri donalona karano mora“. Hvaða bull er þetta hugsaði hann með sér. En þetta skipti engu máli. Brúðan var komin.

Það var langt liðið á kvöldið þegar Andri burstaði loks tennurnar og fór að sofa. Hann var sofnaður þegar skellir og dularfull hljóð heyrðust í herberginu hans. Þau komu frá brúðunni því þulan á miðanum hafði vakið hana til lífsins. Enginn varð var við hljóðin í fyrstu en svo fór brúðan að hlaupa um með enn meiri hávaða. Þá vaknaði Andri.

„Hvaða hljóð er þetta?“ sagði hann með hnút í maganum. Brúðan var ekki á sínum stað svo hann fór úr rúminu að leita að henni. Þá sá hann hana, standandi á gólfinu eins og manneskju. Andri varð rosalega hræddur og þurfti að halda niðri í sér öskrinu svo brúðan tæki ekki eftir honum. Hann læddist fram og hljóp inn í eldhús.



Hann opnaði eina skúffuna og fann bæði kveikjara og hníf en hann var ekki viss hvort hann ætti að nota.

Nú tók brúðan eftir því að Andri var ekki lengur í rúminu og grunaði að hann vissi leyndarmál hennar. Þegar Andri kom aftur upp í herbergi með kveikjarann var brúðan horfin því hún hafði farið að leita að Andra. Andri fór líka að leita. Þegar hann fann loks brúðuna reyndi hann að kveikja í henni en hún sá við honum. Hún felldi Andra sem datt fram fyrir sig og kveikti óvart í gólfinu. Brúðan hló hræðilegum hlátri og réðst á Andra sem barðist á móti. Þá fékk Andri hugmynd. Hann þóttist detta á eldinn, sneri sér svo við og hoppaði afturfyrir brúðuna. Hann náði að kveikja í hnakkanum á henni en hún hélt áfram að ráðast á Andra þó hausinn á henni væri í logum. Loks náði eldurinn tökum á brúðunni og hún bráðnaði niður á gólfið. Andri flýtti sér að ná í slökkvitæki og slökkti eldinn. Nú var allt orðið rólegt ... eða hvað?



Ofuramma

Einu sinni var amma sem flaug um allan bæinn og bjargaði fólki. Eða hún reyndi það að minnsta kosti. Hún var ofuramma. Þar sem hún var ofuramma, lifði hún ofurlengi og var að verða hundrað og eins árs gömul. Henni tókst raunar ekki oft að bjarga fólki en einu sinni hjálpaði hún litlum strák heim til sín eftir að hann datt af hjólinu sínu. Hún hjálpaði líka 85 ára gömlum manni yfir götu. Hún flaug til hans og kom í veg fyrir að hann dytti og leiddi hann svo yfir götuna. Hún hrasaði samt sjálf. Svo bjargaði hún líka mús frá ketti sem var að elta hana. Núna býr músin í einum af blómapottum ofurömmu.

Þar sem ofuramma flýgur yfir bæinn sér hún kisu í vanda. Kisan hefur klifrað upp í tré en kemst ekki niður. Amma hleypur af stað, eða skokkar raunar því hún er of gömul til að hlaupa. En svo getur hún flogið!

Ofuramma flýgur upp í tré til kisunnar og hjálpar henni niður á grein sem hún getur klifrað niður úr. En svo dettur amma sjálf, kylliflöt beint á rassinn. Hún haltrar í smástund en tekst svo á loft til að fylgjast með bænum.



Þá mundi hún eftir blómunum. Hún flaug heim með hraði, fyllti garðkönnuna af vatni og byrjaði að vökva blómin. Amma hafði bjargað blómunum frá ofþornun og músin fékk líka sopa.

Áfram ofuramma!



Ofurkrafturinn

Jóhanna var níu ára með sítt brúnt hár, freknur og skærblá augu. Hún var mikill dýravinur og oftast í góðu skapi. Hún var nýbúin að eiga afmæli og fékk hvolp að gjöf frá mömmu og pabba.

Jóhanna var heima hjá Láru vinkonu sinni að reyna að finna nafn á hvolpinn. Allt í einu hrópaði hún: „Ársæll!“ og nafnið var komið. Þegar Jóhanna kom heim tók hvolpurinn á móti henni með miklum látum. Hann braut allt flotta postulínið hennar mömmu. Hún flýtti sér að segja hvað hvolpurinn átti að heita. En þó mömmu þætti það gott nafn sagði hún að þau yrðu að láta hvolpinn fara fyrst hann braut allt postulínið. Jóhanna grátbað mömmu um að leyfa honum að vera og mamma gaf þeim einn séns í viðbót.

Næsta dag vaknaði Jóhanna við mikil læti. Hún sá Ársæl vera að leika sér með hundabein og glerbrot út um allt gólf. Allt gler á heimilinu fyrir utan gluggana var brotið. Ó nei! Nú yrði mamma reið og myndi vilja losna við hann. Það var nákvæmlega það sem gerðist og það var ekkert sem gat stoppað mömmu. Jóhanna reyndi að segja henni að þetta hefði verið slys en mamma hlustaði ekki.



Pabbi reyndi meira að segja að róa hana niður en hún var ákveðin. Jóhanna fór með hvolpinn inn í herbergi og grét.

„Ég mun sakna þín Ársæll,“ sagði hún með tárin í augunum.

„Ekki gráta,“ heyrði hún þá ljúfa rödd segja. Hún hlaut að hafa ímyndað sér þetta en svo stökk Ársæll fram og varir hans hreyfðust. Það var eins og hann gæti lesið hugsanir því hann bætti við „Þetta er ekki draumur. Þú hefur upplifað ofurkraft!“

Þá fékk Jóhanna hugmynd: „Þú getur hjálpað mér að þjálfa þig!“

„Það get ég,“ svaraði Ársæll og þau hófu þjálfunina. Jóhanna kenndi honum allt milli himins og jarðar. Eftir nokkra daga sýndi hún mömmu hvað hún hafði kennt Ársæli. Hún var búin að kenna honum að koma til sín þegar hún kallaði og hann þurfti ekki einu sinni ól þegar þau fóru út að labba. Mamma sagði að Jóhanna hefði greinilega mikla hæfileika og skipti um skoðun. Ársæll blikkaði Jóhönnu og áður en hún vissi var Ársæll orðinn hluti af fjölskyldunni.



Saga Atla

Eitt sinn voru maður og kona sem þráðu ekkert heitar en að eignast barn. Dag einn varð þeim að ósk sinni. Þau eignuðust lítinn dreng og gáfu honum nafnið Atli.

Þegar Atli var 9 ára dó faðir hans í snjóflóði og Atli varð mjög sorgmæddur. Frá þeim degi ákvað hann að hann myndi vernda mömmu sína fyrir öllum ógnum. Hann faldi GPS tæki á henni ef henni yrði rænt, ef betlari færi að kúga hana hringdi hann í lögmanninn og ef hún lenti í lífshættu hringdi hann strax í björgunarsveitina.

Eftir heilt ár af því að forða mömmu sinni frá vandræðum var Atli verðlaunaður fyrir framistöðu sína. En Atli varð þreyttur á þessu og eftir tvö ár gafst hann upp. Þjófarnir fréttu fljótt af uppgjöf Atla og lögðu á ráðin um að ræna mömmu hans til að hefna sín fyrir hversu oft Atli hafði látið stinga þeim í steininn. Tveimur mánuðum síðar barst Atla bréf:

Daginn Atli. Við höfum mömmu þína í haldi og þú verður að koma og bjarga henni eins og þér er einum kunnugt um.

Með hatri,
Myljararnir



Þetta voru hættulegustu, verstu og illræmdustu bófar miðversturríkisins og Atli vissi að þeir hefðu gert þetta vegna hefndarþorsta. Það kom bara eitt til greina, að virkja OfurAtla aftur. Hann gerði sig tilbúinn að taka þá á beinið og koma þeim beina leið aftur í steininn. Hann mætti á svæðið og vissi að hann gæti ekki treyst á lögregluna eða björgunarsveitina núna, hann yrði að gera þetta sjálfur.

Atli réðst til atlögu en Myljararnir voru snarir í snúningum og náðu léttilega að forðast lítil en kröftug handtök hans. Verkefnið var erfiðara en hann bjóst við en Myljararnir vanmátu hann. Atli kýldi einn þeirra beint í smettið og rotaði hann. Hinir bófarnir fóru að skellihlægja en Atli notaði tækifærið og steinrotaði þá. Hann hringdi svo í lögregluna og sérsveitina. Þeir handtóku bófana og skelltu þeim beina leið í steininn. Það var bara eitt verkefni ógert, að frelsa mömmu. Atli fann hana ómeidda í kjallaranum og gat tekið gleði sína á ný. Hvaða ævintýri biðu hans þegar hann snéri aftur heim?



Samviskan

Samviskan mín hefur alltaf verið mér góð. Þar til núna.

Samviskan sagði mér alltaf hvað ég ætti að gera, eins og til dæmis að gera allt til að láta öðru fólki líða illa. Um daginn fann ég súkkulaði sem ég vissi að systir mín átti. Ég var mikið fyrir mjólkursúkkulaði svo ég fékk mér bita. Það var gott svo ég fékk mér annan og annan og annan. Samviskan leyfði mér það. Ég kláraði súkkulaðið og hugsaði með mér að enginn myndi taka eftir því. Seinna sama dag kom systir mín til mín og spurði hvort ég hefði borðað súkkulaðið hennar. Ég gat ekki logið og játaði. Systir mín varð leið og það var eins og samviskan hefði stungið mig. Mér leið mjög illa fyrir hönd systur minnar og var sjálfur mjög leiður. Ég hafði einstaka sinnum fengið lítið samviskuvit en þetta var miklu stærra. Ég gat varla sofnað því súkkulaðið og leiða systir mín komu alltaf upp í hugsunum mínum.

Síðan þá hef ég oft fengið samviskubit, meira að segja þegar ég hef ekkert gert. Einhver annar gerði eitthvað leiðinlegt og samviskan gat ekki samviskubitið hann svo hún beit mig í staðinn.



Skíðakettlingar

Eitt sinn voru þrír kettlingar. En þeir voru engir venjulegir kettlingar, heldur hálf vélmenni og hálfir kettir. Þess vegna voru þeir bæði fjarska vitrir og fagrir. Ung stúlka, sem hét Elísabet, átti alla kettlingana þrjá. Hún elskaði þá af öllu sínu hjarta og tók þá með sér hvert sem hún fór.

Einn daginn vaknaði Elísabet, leit út um gluggann og sá að það var mikill snjór í fjallinu. Hún hljóp að rúmi mömmu sinnar og spurði: „Mamma má ég fara í fjallið í dag, mig langar svo að kenna kettlingunum að skíða.“

„Þegar þú hefur borðað morgunmatinn og þvegið þér um eyrun máttu fara að renna þér á skíðum. En farðu varlega,“ svaraði mamma.

Þegar hún hafði lokið við morgunverkin fór Elísabet með kláru kettlingana í fjallið. Það gekk mjög vel til að byrja með en svo runnu kettlingarnir frá henni hver í sína áttina. Elísabet fór að hágráta því kettlingarnir voru týndir en svo herti hún upp hugann og fór að leita. Hún leitaði þar sem mesti snjórinn var í fjallinu en svo kallaði mamma á hana og sagði henni að koma heim.

Elísabet hágrét þegar hún kom til mömmu sinnar.

„Hvað er að Elísabet mín?“



„Ó, mamma,“ svaraði Elísabet. „Þegar ég var að kenna kettlingunum að skíða þá runnu þeir í burt. Ég leitaði og leitaði þar til þú kallaðir á mig en ég fann þá ekki á fjallinu.“

Mamma huggaði hana en Elísabet vissi ekki að á meðan voru kettlingarnir að skemmta sér vel á grasinu neðst í fjallinu. Hún hafði gleymt að segja þeim að það væri aðeins hægt að renna sér í snjó og hún hafði ekki fundið þá því hún var að leita í snjónum.

Þegar Elísabet hætti loks að gráta heyrði hún lágvært mjálm fyrir utan. Hún hélt hún væri að ímynda sér það því hún saknaði kettlinganna svo mikið. En svo heyrði hún bankað létt á hurðina svo hún opnaði dyrnar. Hún var mjög hissa þegar hún sá kettlingana þrjá fyrir utan. Þeir voru svo klárir að þeir skynjuðu leiðina heim, renndu sér upp að dyrum og voru nú mættir. Elísabet tók á móti þeim með bros á vör, færði þá inn í hlýjuna og gaf þeim mjólk að leþja.



Stína í klípu

Stína var álfur sem vann fyrir jólasveininn. Eitt sinn lenti hún í skelfilegri klípu. Hún var að pakka inn gjöfum og átti svo að setja þær í stóra pappakassa. Stína þurfti að pakka inn risastórum kajak og pakkaði óvart sjálfri sér inn.

Lísa var álfurinn sem átti að mála öll leikföngin. Hún tók eftir því að Stína var horfin svo hún tók að sér hlutverk hennar og setti pakkana í kassana. Hún sá stóran pakka (sem Stína greyið var föst í) og setti hann í stóran pappakassa. Stína hrópaði á hjálp en enginn heyrði. Álfarnir hlóðu öllum kössunum saman. Svo fann Stína að það var verið að færa kassanna yfir á vagn jólasveinsins. Hennar beið líklega að verða gjöf til einhvers barns. Hún fann hvernig þau tókust á loft og lentu þess á milli. Allt í einu var kassinn hennar tekinn upp og hún öskraði af öllum lífs og sálar kröftum. Jólasveinninn heyrði ekki í henni, hoppaði niður um strompinn og skildi Stínu eftir við tréð hjá einhverri fjölskyldu. Stína var innþökkuð á ókunnugum stað og heyrði jólasveininn príla upp skorsteininn. Hún reyndi að losa sig en var föst í pakka. Hún grét sig í svefn.

Stína vaknaði við spenntar raddir.



„Ég vil opna pakkana, ég vil opna þennan stóra.“

Hún fann hvernig henni var lyft upp og lögð niður á dúnmjúkan sófa. Svo byrjaði þessi með æstu röddina að rífa utan af pakkanum. Hún reif og tætti þar til hún sá loks Stínu greyð.

„Hvers konar pakki er þetta eiginlega?! Er þetta vélmenni eða eitthvað?“

Stína opnaði augun og öskraði. Stelpan sem opnaði pakkann öskraði líka. Þarna störfðu þær á hvor aðra og öskruðu svo hátt að fjöllin titruðu. Allt í einu hættu þær báðar og horfðust í augu.

„Hvað ert þú eiginlega?“ spurði stelpan.

„Ééég er Stíína jójójólaálfur,“ stamaði Stína. „Ég er sú sem býr til allar gjafirnar sem jólasveinninn færir þér.“

„Af hverju í ósköpunum ertu þá hér en ekki uppi í fjöllum?“

Stína sagði henni alla sólarsöguna og stelpan, sem sagðist heita Snærós, lofaði að hjálpa henni heim. En fyrst skyldu þær fá sér morgunmat. Allt í einu mundi Stína að hún var með lítinn lúður sem hún gat notað til að kalla á jólasveininn en það mátti bara nota hann í neyðartilfellum. Snærós var hrifin af þessari hugmynd svo Stína blés í lúðurinn og það var ekki fallett hljóðið sem kom úr honum.



Þær biðu í heila mínútu sem þeim fannst eins og óratími en svo heyrðu þær umgang á þakinu. Jólasveinninn var kominn og sagði alla hafa verið að leita að Stínu. Hann hrósaði henni fyrir að muna eftir lúðrinum, rétti Snærós annan pakka og óskaði henni gleðilegra jóla. Snærós þakkaði fyrir sig og ætlaði að þríla upp strompinn með jólasveininum þegar hún fór að hlæja.

„Af hverju notið þið ekki bara dyrnar?“

Jólasveinninn og Stína fóru líka að skellihlæja, kvöddu Snærós og skottuðust út um dyrnar, upp í sleðann og flugu aftur upp í fjall.



Sumarsveinninn

Í ítölsku ölpunum býr sveinn en hann er ekki jólasveinn heldur sumarsveinn. Hann heitir Fabrizio og er frekar vitlaus og kjánalegur. Ef þú sæir hann tækirðu eftir því að hann er alltaf rauður í framan. En það er ekki vegna þess að hann sé eitthvað reiður heldur vegna þess að appelsínuguli sumarsveinabúningurinn hans er úr ull svo honum er oftast heitt þarna fyrir sunnan.

Fabrizio býr í alpakofanum sínum með skógarbirni og villigelti. Hann dreymir um að vera jólasveinn frekar en sumarsveinn. Hann er ekki með skegg eins og jólasveinninn en vegna þess að hann lifir á geitamjólk, pestó og parmaskinku þá er hann alltaf með storknað geitamjólkurskegg.

Sumarsveinninn eyðir öllum sínum dögum í að sitja fyrir utan kofann sinn, smíða leikföng og vonast eftir næsta lausa jólasveinastarfi.

Dag einn fékk hann bréf inn um póstlúguna sem gerði hann spenntan. Þetta voru stórtíðindi:

Kæri Fabrizio sumarsveinn.

Sumarsveinar heimsins fá nú tækifæri til þess að taka að sér hlutverk jólasveinsins því ég er að fara á eftirlaun. Sá



sumarsveinn sem smíðar fallegasta leikfangið fær að taka við af mér og fær rauðan jólasveinabúning sendan um leið.

Kær kveðja,
jólasveinninn,
Norðurpólnum.

Sumarsveinninn hrökk í kút við þetta bréf og svitnaði á rauða nefinu sínu. Hann hafði smíðað allavega 500 leikföng sem voru öll falleg. Hann átti raunverulegan séns! Þegar hann fór að sofa um kvöldið ákvað hann að hann myndi vakna snemma og leyfa villigeltinum og skógarbirninum að velja fallegasta dótið til að senda inn í keppnina. Fabrizio sofnaði fljótt og dreymdi alla nóttina um jólasveinahlutverkið.

Við fyrsta hanagal, klukkan sex, vaknaði hann, stökk á fætur og þambaði stórt glas af volgri geitamjólk. Dagurinn byrjaði á vandamáli. Villigölturinn var hrifinn af leikfangabíl, sem Fabrizio hafði smíðað, en skógarbjörninn var sannfærður um að skopparakringlan væri málið.

Þetta reitti Fabrizio til reiði því hann treysti á vini sína en fyrst þeir gátu ekki verið sammála valdi hann þriðja kostinn, geðveikt hjólabretti sem hann hafði smíðað.



Hann setti hjólabrettið í póst norður og vonaði það besta. Á meðan sat hann bara og beið sveittur í ullarfötunum.

Loksins kom bréfið. Það var bleikt og fjólublátt og ilmaði af kanil.

Kæri Fabrizio sumarsveinn.

Leikfangið þitt bar af svo þú verður næsti jólasveinninn. Meðfylgjandi er nýi búningurinn þinn.

Þinn vinur,
jólasveinninn.

Fabrizio byrjaði strax að undirbúa sig. Hann pakkaði niður 20 krúsum af geitamjólk, 30 pökkum af parmaskinku og nógu af brauði og pestó. Hann bað villigöltinn og skógarbjörninn að gæta kofans á meðan hann væri í burtu. Svo fór hann í nýja búninginn og var samstundis kominn í jólaskap.

Ferðin á Norðurljólinn tók óratíma en þegar hann steig út úr flugvélinni sá Fabrizio í fyrsta sinn snjó og upplifði kulda. Hann hafði aldrei verið jafn glaður, nú var hann loksins jólasveinn og hann var ekki sveittur.



Tálbeitutrúður

Eitt sinn var ofurhetja sem var kölluð Elding því hún klæddist dökkblárrí peysu með mynd af eldingu. Þegar hún flaug um loftin flaksaðist appelsínugula skikkjan hennar. Á meðan Elding var að æfa sig í ofurkröftum var trúður hinum megin á Jörðinni að keyra um á fljúgandi bílnum sínum. Trúðurinn var í bleikum kjól og bíllinn fljúgandi var knúinn áfram af sápukúlum. En trúðurinn var í vanda því sápukúluvatnið var búið. Bíllinn hikstaði nokkrum sinnum og byrjaði svo að hrapa til jarðar. Trúðurinn var mjög hræddur og öskraði.

Elding fann á sér að eitthvað væri að. Trúðurinn var langt í burtu, í Afríku en það tók Eldingu bara þrjár sekúndur að komast til hans því hún var ofurhetja. Hún var snögg að grípa bílinn og setja hann varlega til jarðar. En þá heyrðu Elding og trúðurinn öskur. Skammt frá var stelpa á hlaupum undan tveimur þjófum. Trúðurinn og Elding þutu bæði af stað til að bjarga henni.



Þjófarnir voru alveg að ná stúlkunni þegar trúðurinn hrasaði beint fyrir framan þá. Þeir urðu alveg bálreiðir og ákváðu að ráðast á trúðinn. En hann varð svo hræddur að hann pissaði á sig svo þjófarnir fóru að skellihlæja. Á meðan þeir voru í hláturskasti kom Elding stúlkunni í burtu og rotaði svo þjófana. Elding kom til trúðsins þar sem hann stóð rennblautur og sagði: „Þú ert nú bara fínasti tálbeitutrúður.“



Þegar ég opnaði ísskápinn

Ég vaknaði klukkan sex um morgun og var að drepast úr hungri. Ég fór því fram í eldhús og opnaði ísskápinn. Þegar ég leit inn í hann lá við að allar dauðar lýs myndu hrynja úr hári mínu. Eitthvað var á hreyfingu í ísskápnum. Mér dauðbrá þegar rjúpa kom fljúgandi út úr honum.

Rjúpan hafði verið í ísskápnum síðan Óli frændi kom heim úr veiðiferðinni deginum áður. Hún hlaut að hafa rotast við haglið. Aumingja rjúpan sat núna skjálfandi á stólbaki við eldhúsborðið. Ég opnaði svaladyrnar og hún flaug út, aðsjáanlega frelsinu fegin.

Ég hafði misst matarlystina svo ég fór aftur upp í rúm að sofa. Þegar ég vaknaði næst voru allir í húsinu komnir á fætur. Óli frændi var náfölnur í framan. Hann var viss um að hann hefði sett bráðina í ísskápinn kvöldið áður. Nú var hún horfin og enginn vissi neitt.

„Hvar er rjúpan mín?!“ öskraði Óli froðufellandi. Ég ákvað að segja bara eins og var, að hún hefði flogið út úr ísskápnum í morgun og ég hefði hleypt henni út um svaladyrnar. Núna gátu allir séð hana úti á túni að jafna



sig eftir rotið og næturdvölinu í ísskápnum.

Allt í einu rauk Óli út á nærbuxnum og fór að hlaupa á eftir aumingja rjúpunni sem var enn hálf vönkuð.

Krakkarnir í húsinu, sem höfðu verið að fylgjast með öllu saman, vorkenndu rjúpugreyinu og héldu á eftir Óla til að stöðva pilt. Þeim tókst að koma í veg fyrir að hann næði í haglabyssuna og rjúpan náði að forða sér.

Óli sá að sér, er búinn að selja byssuna og er orðin vegan.



Æfingabúðir

Ég vaknaði mjög spennt um morguninn því ég var að fara í fyrstu æfingabúðirnar mínar með skólahljómsveit Kópavogs. Ég flýtti mér í skólann en tíminn leið óeðlilega hægt. Loks var skólinn búinn og ég gat hlaupið heim. Ég kláraði að pakka og beið eftir því að klukkan yrði fimm. Þá kvaddi ég mömmu og pabba og fór upp í Digranes. Rútan var að bakka inn á planið þegar ég kom og Helga, vinkona mín, var þar. Ég kom kornett-töskunni og farangrinum í farangurskýmið og settist svo inn í rútu við hliðina á Helgu. Eftir nokkra bið lagði rútan af stað. Ég lagði andlitið upp við rúðuna og lokaði augunum.

Eftir þó nokkurn akstur vorum við komin. Ég fór með kornettið inn í íþróttahúsið, þar sem við áttum að æfa, og restina af farangrinum inn í skólann. Ég fór svo út að leika mér á meðan ég beið eftir fyrstu æfingunni. Ég valhoppaði niður að læk og settist niður. Allt í einu flaug lítill fugl af grein og settist við hliðina á mér. Ég hafði aldrei verið svona nálægt alvöru fugli.

„Halló,“ sagði fuglinn.

Ég starði á hann. „Getur þú talað?“

„Já, eiginlega. En ekki mannamál,“ tísti hann. „Það ert þú sem skilur mig.“



„Hvað heitir þú?“ spurði ég forvitin.

„Ég heiti bara Bíbí,“ svaraði fuglinn.

„Ó, ég heiti Sóley. Geta margar manneskjur talað við þig?“

„Nei, ég hef aldrei hitt manneskju sem skildi mig,“ sagði fuglinn, „en mamma sagði mér einu sinni frá manneskju sem gat talað við hana.“

„Þannig að hún hefur hitt einhvern eins og mig?“ spurði ég.

„Já, ég held það. Viltu sjá húsið mitt?“

Við löbбуðum saman að gömlu tré með lítilli hurð.

„Ég hélt þið byggjuð í hreiðrum,“ sagði ég hissa.

„Nei, við búum hér,“ svaraði Bíbí.

Bíbí opnaði dyrnar og það var allt í rúst inni.

„Hvað gerðist?!“ æpti Bíbí. „Þetta var ekki svona þegar ég fór.“

Ég hugsaði með mér að ég yrði að hjálpa fuglinum.

„Sóley vaknaðu. Við erum komin,“ sagði Helga.

Ég opnaði augun. Við vorum enn í rúttunni. Ég fór út, náði í kornettið og labbaði að íþróttahúsinu. Ég horfði upp í trén á leiðinni. Á einni greininni stóð kunnulegur fugl.

„Bíbí?“ spurði ég og fuglinn horfði til baka eins og hann skildi mig.





RISA STÓRAR smáSÖGUR

ISBN 978-9979-0-2390-6

Menntamálastofnun, KrakkaRÚV og Sögur – samtök um barnamenningu standa að verkefninu Sögur. Einn liður í verkefninu er að hvetja börn til lesturs og skapandi skrifa. Smásagnasamkeppni fór fram á vef KrakkaRÚV og voru 21 saga, eftir 6-12 ára börn, valdar til útgáfu í þessari rafbók.

Gunnar Helgason, Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Kristín Viðarsdóttir og Markús Már Efraím sinntu því erfiða verkefni að velja úr þeim fjölmörgu sögum er bárust.

Formáli: Bergrún Íris Sævarsdóttir, rithöfundur og teiknari
Ritstjórn: Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir og Markús Már Efraím

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun
Útgefið 2019
Menntamálastofnun
Kópavogi
Öll réttindi áskilin





MENNTAMÁLASTOFNUN

40208